



## Ályktun 46. þings Alþýðusambands Íslands um vaxtaokur og verðtryggingu

Þing Alþýðusambands Íslands, haldið í Reykjavík 16.-18. október 2024, vísar því til miðstjórnar ASÍ að fordæma það vaxtaokur sem fjármálaöflin viðhalda á Íslandi og lýsa yfir þungum áhyggjum almennt af stöðu efnahagsmála og sérstaklega þróun verðbólgu með tilliti til verðtryggingar húsnæðislána.

Launafólk í landinu hefur nú mátt þola óbærilega háa vexti misserum saman. Þróun stýrivaxta hefur ekki verið í samræmi við væntingar frá því að verkalýðshreyfingin féllst á hófstílltar hækkanir launa í síðustu kjarasamningum til að greiða fyrir lækkun verðbólgu og þar með vaxta.

Í dag barst sú frétt að greiðslubyrði af verðtryggðum húsnæðislánnum hefði ekki verið hærri frá því að íslenska fjármálakerfið hrundi til grunna haustið 2008 sökum græðgi fjárplógsmanna og ábyrgðarleysis stjórnmalafólks.

Þing Alþýðusambandsins fordæmir það áhugaleysi sem stjórnvöld sýna afkomu fólksins í landinu sem nú sem fyrr að gert að bera byrðar vegna óábyrgrar fjármálastefnu og samræmdrar okurlánastarfsemi íslenska bankakerfisins. Þingið minnir á óheyrilegar vaxtatekjur íslensku bankanna sem rakað hafa til sín 462 þúsund milljónum króna frá árinu 2021. Þessa fjármuni soga peningaöflin upp úr vösum launafólks.

Aukin óvissa ríkir um þróun verðbólgu eftir að stjórnmalamenn heyktust á því verkefni sem þeir höfðu verið kjörnir til að sinna, rufu þing og efndu til kosninga. Þingið lýsir yfir fullri ábyrgð af afleiðingum þeirrar ákvörðunar á hendur þeim stjórnmalamönnum sem um véluðu.

Að auki þarf almenningur að búa við algjört ófremdarástand í húsnæðismálum sem stjórnvöld, ekki síst sveitarstjórnarstigið, bera fulla ábyrgð á enda eru mörg sveitarfélög orðin háð því tekjustreymi sem lóðaskortur getur af sér í síhækkandi fasteignasköttum.

Þingið telur þessa framgöngu stjórnmalamanna og flokka þeirra ólíðandi með öllu.

Verðtryggingin er og hefur jafnan verið helsti fjandmaður fólksins sem Ísland byggir. Hún étur upp eignarhluti almennings í því húsnæði sem hann nær að festa kaup á í nánast stöðugu efnahagsöngþveiti og hörmulegri fjármálastjórn valdastéttarinnar.

Þingið fordæmir það brask sem sveitarfélög láta viðgangast hvað úthlutun lóða undir íbúðir varðar og minnir á ítarlegar tillögur verkalýðshreyfingarinnar um úrræði sem grípa má til í því skyni að bæta stöðu húsnæðiskaupenda.



Þingið ítrekar að til mannréttinda telst að eiga þak yfir höfuð sér og sinna. Gegn þessum mannréttindum berjast sérhagsmunir sem boða að líta beri á húsnæðis kaup sem fjárfestingu með tilheyrandi „arðsemiskröfum“ ekki síst þegar húsnæðisskortur ríkir. Þing Alþýðusambandsins fordæmir eignasöfnun auðmanna og -hringa og það algjöra skeytingarleysi sem það lýsir um hag meðborgara þeirra. Þingið minnir á ábyrgð Seðlabanka Íslands í að viðhalda því mafíustigi sem ríkir í vaxtamálum þjóðarinnar.

Nú er svo komið að ekki verður unað við það ástand lengur sem almenningi er gert að bera sökum áhuga- og getuleysis valdahafa á sviði fjármála, vaxta og húsnæðismála.

Þing Alþýðusambands Íslands krefst þess að þegar í stað verði brugðist við gríðarþungri vaxtabyrði heimila með lækkun stýrivaxta og auknum stuðningi við kaupendur íbúðahúsnæðis.